

# Frístundastefna Hvalfjarðarsveitar

2023–2028



# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur.....</b>	<b>3</b>
<b>2. Hugtakalisti .....</b>	<b>4</b>
<b>3. Markmið frístundastefnunnar .....</b>	<b>5</b>
<b>4. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.....</b>	<b>7</b>
<b>5. Framtíðarsýn í frístundarmálum.....</b>	<b>9</b>
<b>6. Frístundastarf í Hvalfjarðarsveit .....</b>	<b>10</b>
Frístund eftir skóla - yngsta stig .....	10
SumarGaman .....	12
Félagsmiðstöðin 301 - miðstig og unglिंगastig .....	13
Félagsstarf eldri borgara.....	15
Tónlistarnám.....	17
Íþróttastarf.....	18
Íþróttá, tómstunda- og æskulýðsstyrkir .....	20
<b>7. Innleiðing og lokaorð .....</b>	<b>22</b>

# 1. Inngangur

Vorið 2022 var sett fram tillaga að á kjörtímabilinu 2022–2026 yrði gerð frístundastefna fyrir Hvalfjarðarsveit er tæki til fjölbreytts og skapandi frístundastarfs fyrir alla aldurshópa í sveitarfélaginu. Stefnumótunaryvinnan í tengslum við gerð stefnunnar myndi styðja við og efla þróun frístundastarfs í sveitarfélaginu, styrkja forvarnir, heilsueflingu og almenna lýðheilsu íbúa Hvalfjarðarsveitar.



Í október 2022 var samþykkt að skipa stýrihóp til gerðar frístundastefnu sveitarfélagsins. Í stýrihópnum sátu Elín Ósk Gunnarsdóttir, Marie Greve Rasmussen og Andrea Ýr Arnarsdóttir auk þess sem Ása Líndal Hinriksdóttir, frístunda- og menningarfulltrúi Hvalfjarðarsveitar, starfaði með hópnum. Stýrihópurinn vann eftir erindisbréfi og átti m.a. að gæta þess við gerð stefnunnar að hafa samráð við fulltrúa úr grunnskóla, leikskóla, nemendaráði, ungmennaráði og fulltrúa eldri borgara. Hópurinn átti jafnframt að gæta að hagsmunum fatlaðs fólks og fólks af erlendum uppruna. Starfstímabil hópsins var frá nóvember 2022 til 1. mars 2023 og miðað var við að heildarfundarfjöldi færi ekki umfram átta fundi.

Við upphaf árs 2023 leitaði stýrihópurinn til ofangreindra hagaðila þar sem óskað var eftir upplýsingum um stöðu frístundastarfs, markmið og framtíðarsýn.

Drög að frístundastefnu voru lögð fyrir alla hagaðila í febrúar og mars 2023.

Drög að frístundastefnu voru kynnt til umsagnar fyrir íbúum á heimasíðu sveitarfélagsins í mars 2023.



## 2. Hugtakalisti

**Frístund:** Sá tími sem gefst þegar skyldum við skóla, vinnu eða heimili lýkur.

**Frístundastarf:** Skipulagt starf á frjálsum vettvangi frítíma, hvort heldur sem er á vegum Hvalfjarðarsveitar eða íprótta- og æskulýðsfélaga.

**Frístundalæsi:** Frístundalæsi leggur áherslu á reynslunám barna og að virkja þau til þátttöku með áhuga-hvatningu. Félagsleg hugsmíðahyggja og nám í gegnum leik er einnig leiðarljós frístundalæsis þar sem þekkingarsköpun á sér stað með leik og í samskiptum við aðra.

**Börn:** Í stefnunni er „börn“ notað yfir einstaklinga sem eru 12 ára og yngri.

**Unglingar:** Í stefnunni er „unglingar“ notað yfir einstaklinga sem eru 13–16 ára.

**Eldri borgarar:** Í stefnunni er „eldri borgarar“ notað yfir einstaklinga sem eru 60 ára og eldri.

**Óformleg menntun:** Óformleg menntun byggist upp á samræðum þar sem ekki er unnið með fyrirfram ákveðna áætlun. Óformleg menntun á sér stað í raunverulegum aðstæðum sem hvetja þátttakendur til að eiga samskipti við aðra og prófa sig áfram og auka þannig færni sína.



**Formleg menntun:** Formleg menntun byggir oftast á námskrá eða kennsluáætlun. Leiðbeinendur eða kennarar í formlegu námi geta stjórnað umhverfi nemenda og stjórnað samskiptum nemenda upp að vissu marki, t.d. með námsefni, heimavinnu, sætaröðun og skiptingu í hópa.

**Reynslunám:** Reynslunám þar sem nemendur byggja upp þekkingu og öðlast færni með beinni þátttöku í skapandi og fjölbreyttum verkefnum.



# 3. Markmið frístundastefnunnar

Markmið frístundastefnunnar er að styðja við og efla þróun frístundastarfs í sveitarfélaginu og þannig styrkja forvarnir, heilsuefningu og almenna lýðheilsu íbúa Hvalfjarðarsveitar.



umsjón með börnum og unglingum í æskulýðsstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins.

Lögð er áhersla á að frístundastarf í Hvalfjarðarsveit einkennist af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Til að ná fram markmiðum stefnunnar er lögð áhersla á þátttöku og virkni, jöfn tækifæri, heilbrigði og velferð þar sem samstarf og samráð er haft við hlutaðeigandi aðila. Áhersla er lögð á að virkja til þátttöku einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning og stuðla að því að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra. Leitast verður við að koma til móts við þarfir allra íbúa Hvalfjarðarsveitar fyrir frístundapjónustu án aðgreiningar.

Í öllu frístundastarfi á fagmennska að vera í fyrirrúmi og miðað skal við að þeir sem starfa með eða hafa



Gildi frístundar er margþætt en í frístundastefnu Hvalfjarðarsveitar verður þessum þremur gildum gert hátt undir höfði:

**Afþreyingargildi:** Að eiga góðar stundir með jafnöldrum án sýnilegs markmiðs er mikilvægur hluti af lífinu og nauðsynlegt er að skapa tíma og aðstöðu til afþreyingar undir þessum formerkjum.



**Menntunargildi:** Það er mikilvægt að í frítímanum fáiast einstaklingar við fjölbreytt og skapandi verkefni þar sem lögð er áhersla á virkni, frumkvæði og sköpun. Hér er ekki um formlegt nám að ræða heldur er áhersla lögð á reynslunám og óformlega menntun.

**Forvarnargildi:** Þátttaka í skipulögðu félagsstarfi í öruggu umhverfi í umsjá fagfólks hefur mikið forvarnargildi.

Afþreyingar-, menntunar- og forvarnargildi frítímans skarast alla jafna í frístundastarfi. Sköpun, félagsleg virkni og frjáls leikur hefur afþreyingargildi en hefur að sama skapi bæði forvarnar- og menntunargildi.



# 4. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru 17 talsins með 169 undirmerkiðum.

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stóða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðanna er

jafnframt að engir einstaklingar eða hópar séu skildir eftir.



Hvalfjarðarsveit ákvað að hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi við mótun frístundastefnunnar og valdi að einbeita sér sérstaklega að eftirfarandi heimsmarkmiðum: **3, 4, 5, 9, 10** og **16** til þess að ná markmiðum frístundastefnunnar.



# HEIMSMARKMIÐ

Sameinuðu þjóðanna  
um sjálfbæra þróun



Frístundastefna Hvalfjarðarsveitar leggur grunn að barnvænu sveitarfélagi með því að flétta Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í stefnuna og gera ráð fyrir innleiðingu hans á gildistíma stefnunnar.



# 5. Framtíðarsýn í frístundamálum

Framtíðarsýn frístundastefnunnar er eftirfarandi:

„Í Hvalfjarðarsveit blómstri öflugt, samfellt frístundastarf með áherslu á farsæld og velferð allra aldurshópa. Íbúar og þátttakendur geti komið með tillögur að bættu starfi og taki þátt í framþróun starfsins á hverjum tíma. Leitast verði við að koma til móts við fjölbreyttan hóp íbúa og að flestir finni afþreyingu við sitt hæfi innan eða utan sveitarfélagsins.“



# 6. Frístundastarf í Hvalfjarðarsveit

## Frístund eftir skóla – yngsta stig

Markmið með frístund eftir skóla fyrir yngsta stig er að efla félagsfærni og sjálfstraust barna. Í Hvalfjarðarsveit sé starfrækt öflug og góð frístund fyrir öll börn á yngsta stigi grunnskólans í barnvænu og skapandi umhverfi undir leiðsögn fagfólks.

Leitast verði við að bjóða upp á frjálsan leik, fjölbreytt viðfangsefni og umhverfi. Tekið verði mið af þörfum, þroska og áhuga barna. Áhersla verði lögð á að virkja til þátttöku börn sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning og stuðla að því að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra án aðgreiningar.



### STAÐAN Í DAG:

Foreldrar/forráðamenn allra barna í 1.-4. bekk geta sótt um einn til fimm daga í viku í frístund gegn gjaldi.

Frístund er starfrækt í Heiðarskóla þar sem börnin hafa reglulega aðgang að bókasafni, list- og verkgreinastofum og útisvæði með ýmsum möguleikum í útiveru.



## FRAMTÍÐARSÝN:

Starf frístundar verði fjölbreytt, skemmtilegt og eftir-sóknarvert.

Starfsemin sé skipulögð, opnunartími og dagskipulag sé sýnilegt og kynnt öllum börnum, foreldrum/forráðamönnum og helstu samstarfsaðilum.

Aukið samstarf verði á milli foreldra/forráðamanna, starfsfólks skólans og starfsfólks frístundar.

Starfið verði byggt á reynslunámi þar sem börn byggja upp þekkingu og öðlast færni með beinni þátttöku í skapandi og fjölbreyttum verkefnum. Notast verði í auknum mæli við frístundalæsi.

Börnin hafi daglegt val um fjölbreytt og ögrandi viðfangsefni og taki þátt í að móta þau í samstarfi við starfsfólk.

## TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM:

→ Leitast verði við að efniviður og leikföng í frístund séu önnur en þau sem börnin hafa aðgang að á skólatíma.

Leitað verði nýrra leiða til að efla kynningu, samstarf og samráð við foreldra/forráðamenn allra barna um þjónustu frístundar og auka skilning á mikilvægi frístundastarfs.

Nýta húsnæði og aðstöðu í sveitarfélaginu betur í þágu frístundastarfs.

→ Leitast verði við að umsjónarmaður hafi menntun við hæfi til að efla faglegt frístundastarf.

→ Reglulega verði haldnir „hugmyndafundir“ með börnunum.



## SumarGaman

Markmið með SumarGaman er að boðið sé upp á afþreyingu fyrir öll börn á yngsta stigi í grunn-skólanum yfir sumartímann, eftir að skólastarfi lýkur að vori og áður en skólastarf hefst að hausti.



### STAÐAN Í DAG:

Sumarið 2022 var farið af stað með tilraunaverkefni þar sem boðið var upp á tvær vikur í júní fyrir börn í 1.-4. bekk og tvær vikur fyrir skólabyrjun í ágúst fyrir börn sem voru að byrja í 1.-4. bekk um haustið. Starfið fól í sér afþreyingu sem byggði á frjálsum leik, hreyfingu, útiveru, skapandi starfi og fjölbreyttum ferðum.



### FRAMTÍÐARSÝN:

SumarGaman verði mikilvægt starf innan Hvalfjarðarsveitar sem býðst öllum börnum á yngsta stigi yfir sumartímann.

Starfið í SumarGaman verði faglegt, fjölbreytt og ákveðin samfella verði með frístund, ekki síst hvað varðar starfsfólk.

### TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM:

→ Festar verði í sessi ákveðnar vikur sem boðið verður upp á þannig að foreldrar/forráðamenn geti gengið að þeim vísum.

→ Leitast verði við að sami starfsmaður hafi yfirumsjón yfir frístund og SumarGaman.

Í upphafi verði gerð dagskrá sem byggir á frjálsum leik, hreyfingu, útiveru, skapandi starfi, þemadögum og ferðum.

Áhersla verði lögð á að virkja öll börn til ákvarðanatöku um hina ýmsu þætti starfsins.



## Félagsmiðstöðin 301 – mið- og unglíngastígg

Markmið með starfinu í Félagsmiðstöðinni 301 er að stuðla að fjölbreyttu og virku félagslífi hjá öllum börnum og unglíngum frá 10-16 ára, þau finni að Félagsmiðstöðin 301 sé staður þar sem allir eru velkomnir og geti sótt.

Starfið í Félagsmiðstöðinni 301 er mikilvægt fyrir börn og unglínga, þjálfar samskipta- og félagsfærni, styrkir börn og unglínga til virkrar þátttöku í samfélaginu, hefur mikið forvarnargildi og styður við heilbrigðan lífsstíl barna og unglínga.



### STAÐAN Í DAG:

Félagsmiðstöðin 301 er opin einu sinni í viku í Heiðarskóla og er tvískipt eftir skólastígi, miðstígg og unglíngastígg.

Í Félagsmiðstöðinni 301 er fjölbreytt dagskrá þar sem reynt er að koma til móts við hugmyndir barna og unglínga við skipulagningu starfsins. Þá eru einnig árlegir viðburðir eins og Æskó, SamVest og Samfestingurinn. Félagsmiðstöðin 301 er í góðu samstarfi við önnur sveitarfélög.



## FRAMTÍÐARSÝN:

Boðið verði upp á fjölbreytt og skapandi starf.



Efla samstarf við foreldra/forráðamenn.

Efla samstarf við nærliggjandi sveitarfélög.

## TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM:

→ Auka markvisst samtal við börn og unglinga um eðli og umfang starfsins.

Nýta húsnæði og aðstöðu í sveitarfélaginu betur í þágu frístundastarfs.



→ Leitað verði nýrra leiða til að efla kynningu, samstarf og samráð við foreldra/forráðamenn allra barna og unglinga um þjónustu og starf Félagsmiðstöðvarinnar 301.

→ Aukið samráð og samstarf við félagsmiðstöðvar í nærliggjandi sveitarfélögum.



## Félagsstarf eldri borgara

Markmið með félagsstarfi eldri borgara er að auka lífsgæði, draga úr félagslegri einangrun og viðhalda færni þar sem þátttaka eykur lífsgæði. Félagsstarfið stuðlar einnig að betri andlegri og líkamlegri heilsu.



Áhersla er á að vera með fjölbreytt starf og aðgengi fyrir alla.

### STAÐAN Í DAG:

Opið hús í félagsstarfi eldri borgara fer fram tvisvar sinnum í mánuði í félagsheimilinu Miðgarði. Á opnu húsi er meðal annars boðið upp á hannyrðir, listsköpun, fræðslu og ýmis skemmtiatriði auk kaffihlaðborðs. Ýmiskonar námskeið hafa verið haldin auk fyrirlestra og árlegra viðburða s.s. porrablót, litlu jól, vorskemmtiferð og leikhúsferðir.

Vatnsleikfimi með leiðbeinanda er tvisvar sinnum í viku í Íþróttamiðstöðinni Heiðarborg og eftir leikfimina geta þátttakendur keypt hádegismat í Heiðarskóla.



Þeir einstaklingar sem ekki geta komið sér sjálfir á staðinn í opið hús og vatnsleikfimi, sökum skertrar getu, eiga þess kost að vera sóttir heim.



## FRAMTÍÐARSÝN:

Þjóða upp á fjölbreytt starf sem hentar fjölbreyttum hópi og hvetur til virkni og þátttöku.

Markvisst unnið að því að draga úr félagslegri einangrun eldri borgara og hvatt til þátttöku.

## TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM:

→ Halda reglulegu og opnu samtali þar sem mikilvægt er að rödd eldri borgara heyrist, hlustað sé á tillögur þeirra og þarfir. Nauðsynlegt er að vera vakandi yfir réttindum og framþróun á þeirra sviði.

→ Aðstaða til frístundaiðkunar, eins og íþróttamannvirki, verði nýtt í þágu eldra fólks eins og kostur er.

Efla kynningu á því starfi sem er í boði og stuðla að félagsstarfi sem brúar bil milli kynslóða.





# Tónlistarnám


Markmið með tónlistarnámi er að auka hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist ásamt því að hlusta á og njóta hennar. Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur og stunda háskólanám í tónlist og skyldum greinum auk þess að stuðla að auknu tónlistarlífi í samfélaginu.

Í tónlistarkennslu er verið að fylgja uppeldislegum markmiðum með því t.d. að stuðla að auknum tilfinninga-þroska nemenda, listrænum þroska, samvinnu og ögun. Auka færni, þekkingu og sjálfsvirðingu nemenda og ýta undir þátttöku þeirra í fjölbreyttri mennta- og menningarstarfsemi.



## STAÐAN Í DAG:

Hvalfjarðarsveit er með samning við Akraneskaupstað um rekstur Tónlistarskólans á Akranesi. Skólinn þjónar öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi án tillits til aldurs, margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska. Tónlistarskólinn á Akranesi býr við góðan aðbúnað til kennslu að Dalbraut 1 og fjölbreytileika í skólastarfinu. Kennsla fer, eftir atvikum, fram í Tónlistarskólanum á Akranesi eða í Heiðarskóla.



## FRAMTÍÐARSÝN:

Að stuðla að auknu tónlistarlífi í Hvalfjarðarsveit. →

Einstaklingar í námi hjá Tónlistarskólanum hafi aukin tækifæri til að koma fram á ýmsum viðburðum í Hvalfjarðarsveit.

Aukið samstarf við Tónlistarskóla Akraness. →

Koma á samstarfi við leikskólann Skýjaborg og félagsstarf eldri borgara í Hvalfjarðarsveit.

# Íþróttastarf

Markmið með almennu íþróttastarfi er að stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Íþróttaiðkun hefur margþætt forvarnargildi fyrir alla aldurshópa, hvort sem er andlega, líkamlega eða félagslega.

Markmið Hvalfjarðarsveitar er að stuðla að fjölbreyttum tækifærum til íþróttaiðkunar, sem henta hverjum og einum.



## STAÐAN Í DAG:

Hvalfjarðarsveit er með samstarfssamninga við Íþróttabandalag Akraness og Ungmennasamband Borgarfjarðar. Skipulagðar æfingar eru hjá aðildarfélögum ÍA og UMSSB og þar hafa börn sem og fullorðnir í Hvalfjarðarsveit tök á að stunda sínar íþróttir og taka þátt í öðrum viðburðum.

Starfrækt eru tvö ungmennafélög í Hvalfjarðarsveit, Ungmennta- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar og Ungmennafélagið Þrestir.

Íþróttamiðstöðin Heiðarborg er opin fyrir almenning á ákveðnum tímum yfir starfstíma grunnskólans. Þar er

sundlaug, íþróttasalur og þreksalur. Hópar geta og hafa tekið aðstöðuna á leigu og stundað þar margvíslega hreyfingu svo sem körfubolta og fótbolta auk þess sem boðið hefur verið upp á ýmiskonar hreyfingu/afþreyingu undir leiðsögn þjálfara.

Þá hafa foreldrar/forráðamenn einnig tekið sig saman og verið með reglulega hreyfingu fyrir yngstu börnin í íþróttasalnum.



Yfir sumartímam er sundlaugin að Hlöðum opin almenningi.



## FRAMTÍÐARSÝN:

Boðið verði upp á fjölbreyttari íþróttaiðkun, án aðgreiningar, fyrir börn og fullorðna í Hvalfjarðarsveit.

Með tilkomu nýs íþróttahúss mun íþróttastarf í Hvalfjarðarsveit verða enn öflugra.



## TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM:

- > Aukið samstarf við íþróttafélög þannig að unnt verði að bjóða upp á æfingar með þjálfara í Hvalfjarðarsveit og þar með stuðla að aðgengi að fjölbreyttara íþróttastarfi á svæðinu.
- > Lagt er til að kortlagt verði og vel haldið utan um þá starfsemi sem nýtt íþróttahús mun koma til með að geta boðið.



# Íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsstyrkir

Markmið með styrkveitingum til íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsstarfa í Hvalfjarðarsveit er að stuðla að virkri þátttöku, jöfnuði og aðgengi fyrir alla.

## STAÐAN Í DAG:

Hvalfjarðarsveit styrkir börn, með lögheimili í Hvalfjarðarsveit, frá fæðingu til 18 ára aldurs til íþrótt- og tómsundaíðkunar. Styrkirnir eru ætlaðir sem hvatning til frekari framfara og til að mæta útlögðum kostnaði vegna æfinga og keppni.



Eftirfarandi styrkir eru veittir í Hvalfjarðarsveit:

- ✓ **Íþrótt- og tómsundastyrkur**, fyrir börn frá fæðingu til 18 ára aldurs. Styrkinn má nýta fyrir hverskyns íþróttastarf, tómsundir, tónlistarnám, námskeið eða annað sem fellur undir frístundastarf.
- ✓ **Sérstakur íþrótt- og tómsundastyrkur** til barna og unglinga á tekjulágum heimilum er til viðbótar við íþrótt- og tómsundastyrkinn.

✓ **Styrkur til keppnis- og æfingaferða erlendis.**

✓ **Afreksstyrkur úr afrekssjóði** til einstaklinga sem skara fram úr í sinni íþrótt.

✓ **Styrkur úr íþrótt- og æskulýðssjóði** sem hefur það að markmiði að styðja við íþrótt- og æskulýðsmál í Hvalfjarðarsveit, bæði til einstaklinga, félagasamtaka, hópa og stofnana.



## FRAMTÍÐARSÝN


Fleiri sækja um og nýti þá styrki sem í boði eru.



## TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM:

Leitað verði nýrra leiða til að kynna styrki sem veittir eru í Hvalfjarðarsveit.

Áhersla verði lögð á að upplýsingar varðandi styrki séu aðgengilegar öllum og kynntar sérstaklega fyrir þeim forráðaaðilum sem þurfa á hvatningu að halda. Meðal annars verði upplýsingar aðgengilegar á öðrum tungumálum.



# 7. Innleiðing og lokaorð

Markmið frístundastefnu Hvalfjarðarsveitar er að sveitarfélagið geti metið það starf sem fram fer innan sem og utan sveitarfélagsins og lagt mat á gæði starfsins. Stefnan tekur til félagsstarfs eldri borgara, frístundar eftir skóla, SumarGamans, íþróttastarfs í Hvalfjarðarsveit, styrkja á vegum sveitarfélagsins og samstarfsamnings við Tónlistarskólann á Akranesi. Stefnan leggur til framtíðarsýn og tillögur að aðgerðum sem unnt er að styðjast við til þess að ná markmiðum og framtíðarsýn.

Frístundastarf í fjölbreyttri mynd er mikilvægt þegar kemur að lýðheilsu, félagslegri virkni, þátttöku og forvörnum. Mikil áhersla er lögð á að rödd hluteigandi aðila heyrst þegar kemur að skipulagi og viðfangsefnum frístundastarfsins.

Skýr stefna tryggir að allir sem starfa að frístunda-, íþrótt- og tómstundamálum í Hvalfjarðarsveit stefni í sömu átt með það að markmiði að efla og styrkja starfið í sveitarfélaginu.

Innleiðing stefnunnar skal hefjast vorið 2023 með gildistíma til ársins 2028. Nefndir og stofnanir



sveitarfélagsins, er málið varðar, vinna sína eigin aðgerðaráætlun til þriggja ára í senn. Frístundastefna Hvalfjarðarsveitar er á ábyrgð fjölskyldu- og frístundanefndar, fræðslunefndar og sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar og skal hún endurskoðuð eftir þörfum.





# Frístundastefna Hvalfjarðarsveitar

Útgefin 2023

